

Grímsvötn - staða 25. maí 2011 kl. 16:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

- Unnið af: Gunnari B. Guðmundssyni og Sigrúnu Hreinsdóttur og upplýsingum frá , Hrafni Guðmundssyni, Árna Sigurðssyni, Þórði Arasyni, Sigurlaugu Hjaltadóttur, Þórönnu Pálsdóttir, Gunnari Sigurðssyni, Birni Oddssyni, Ingibjörgu Jónsdóttir, Ármanni Höskuldssyni og Páli Einarssyni.
- Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnamælingum, GPS mælum, veðurratsjá, tilkynningum á vefnum um öskufall, eldingamæligögnum bresku veðurstofunnar, MODIS og NOAA gervihnattamyndum.
- Gosmökkur:
Hæð: Í gærkvöldi fram til kl. 20 fór gosmökkurinn ekki upp fyrir 5 km hæð, en eftir það púlsaði hann oft í 5-7 km hæð. Kl. 2 í nótt fór hann hæst í 12 km hæð, en eftir kl. 2:20 hefur strókurinn ekki sést á radar, nema þegar gufustrókur náði 5 km hæð kl. 03:30. Sjónarvottar hafa greint frá litlum gufustrókum í dag. Víða eraska sjáanleg úr flugi í skýjalögum í 5-7 km hæð V af gosstöðvunum og einnig sést öskumistur undir 3 km hæð SV af eldstöðinni. Samkvæmt gervitunglamyndum var mikið öskumistur í lofti um landið austanvert og um hádegisbil lágu mörkin frá Ölfusárósum í suðri að Skaga í norðri. Gjókufok var í suðurátt. Eftir hádegi í dag fór að sjást til gosstöðvanna við Grímsvötn en gosmökkur var afar lítill.
- Stefna: Hæg norðaustlæg átt, en hægviðri í nótt og í dag í kringum gosstöðvarnar. Ákveðin suðaustan og sunnan átt fyrir ofan 4 km.
- Litur: Ljósbrúnn.
- Gjókufall: Ekkert gjókufall nema í nágrenni eldstöðvarinnar.
- Eldingar: Tvær eldingar mældust kl. 21:02 í gær og 12 eldingar milli kl. 02:09-02:19 í nótt.
- Drunur: Engar fregnir hafa verið af drunum.
- Bræðsluvatn: Samkvæmt gervihnattamyndum hefur lítill ís bráðnað í gosinu og ekki eru nein ummerki um vatnavexti.

Aðstæður á gosstað: Kvöldið 24.05.2011 var enn nokkur sprengivirkni á gosstöðvunum í Grímsvötnum. Virknin er bundin við þrjá til fjóra gíga. Vatn er í katlinum. 200-300 m hár gufumökkur rís upp frá gígunum en nær í nokkra km við sprengingar. Engin samfelldur mökkur liggur frá gosstöðvunum þar sem sprengivirknin nær ekki að viðhalda honum. Skv. eftirlitsflugi í gærkvöldi var gosið einangrað við 2 lítil gosop umlukin af litlum gjallkraga.

Órói: Gosórói á jarðskjálftamælinum á Grímsfjalli minnkaði mikið milli kl. 21:15 og 21:45 í gærkvöldi. Um kl. 02:10 í nótt minnkaði hann snögglega en hvarf þó ekki. Hann hefur síðan aukist nokkuð aftur. Dæmigerður gosórói mælist á skjálftastöðvum út í a.m.k 100 km fjarlægð.

Jarðskjálftar: Engir jarðskjálftar hafa mælst í eldstöðinni sjálfri.

GPS-aflögun: GPS-mælistöð á Grímsfjalli sýnir óverulega tilfærslu jarðskorpunnar í gær.

Heildarmat: Mælingar og athuganir sýna verulega minnkun á eldgosinu. Öskufall er núna einskorðað við nágrenni eldstöðvarinnar.